

Fundargerð 548

Fimmtudaginn 27. mars 2025 kom stjórn Byggðastofnunar saman til fundar í Húsi Hákarla-Jörundar í Hrísey. Þessir stjórnarmenn sátu fundinn; Óli Halldórsson (ÓH) formaður, Guðný Hildur Magnúsdóttir (GHM), Halldóra Kristín Hauksdóttir (HKH), Haraldur Benediktsson (HB), Karl Björnsson (KB) og Oddný Árnadóttir (OÁ). María Hjálmarsdóttir (MaH) tengdist fundinum í gegnum fjarfundarbúnað.

Auk þeirra sátu fundinn Arnar Már Eliasson (AME) forstjóri (við dagskrárliði 2-13), Erla Hrund Þórarinsdóttir (EHP) umsjónarmaður áhættustýringar (við dagskrárlið 2), Hrund Pétursdóttir (HP) forstöðumaður fyrirtækjasviðs (við dagskrárliði 2-13), Pétur Grétarsson (PG) sérfræðingur á fyrirtækjasviði, (við dagskrárlið 11), Sigurður Árnason (SÁ) sérfræðingur á þróunarsviði (við dagskrárlið 7), Sigríður Elín Þórðardóttir (SEP) forstöðumaður þróunarsviðs (við dagskrárliði 2-13) og Hjalti Árnason (HÁ) forstöðumaður lögfræðisviðs (við dagskrárliði 2-13) sem jafnframt ritaði fundargerð.

Formaður setti fund kl. 10:00 og liggur eftirfarandi dagskrá fyrir fundinum:

1. Störf stjórnar
 - a) Árangursmat á störfum stjórnar - til afgreiðslu
 - b) Endurskoðun á reglum um störf stjórnar - til afgreiðslu
2. ICAAP skýrsla 2024 - til afgreiðslu
3. Lánamál
 - a) Fundargerðir lánanefndar - til kynningar
 - b) Lánamáli vísað til stjórnar - til afgreiðslu
 - c) Lánafyrirkomulag stofnunarinnar - til afgreiðslu
4. Lántökuheimild - til afgreiðslu
5. Umsókn Kaldrananeshrepps í Brothættar byggðir - til afgreiðslu
6. Styrkir úr Byggðarannsóknasjóði - til afgreiðslu
7. Byggðavísitala - til kynningar
8. Val á Landstólpanum - til kynningar
9. Framfylgd starfsáætlunar - til kynningar
10. Starfsemi landshlutasamtakanna - til kynningar
11. Hlutaþréfasafn Byggðastofnunar - til kynningar
12. Önnur mál
13. Næsti fundur

Öll gögn sem vísað er til í fundargerðinni voru aðgengileg í fundargátt stofnunarinnar fyrir fundinn nema annað sé tekið fram.

1. Störf stjórnar

- a) *Árangursmat á störfum stjórnar - til afgreiðslu*

Árangursmat á störfum stjórnar auk mats á hæfi stjórnarmanna og stjórnar í heild.

Í aðdraganda fundar fengu stjórnarmenn sendan spurningalista til útfyllingar, sem byggir á formi frá Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni (EBA). Samkvæmt stefnu Byggðastofnunar skal formið notað til að framkvæma sjálfsmat á hæfi stjórnarmanna

og stjórnar í heild en formið hefur verið uppfært svo samhliða geti farið fram mat á árangri starfa, verklags og starfshátta stjórnar, skv. reglum um störf stjórnar Byggðastofnunar.

Fyrir fundinn hafði stjórnarformaður tekið saman drög að sameiginlegri stigagjöf fyrir stjórnina í heild í hverjum þætti sem formið tekur til. Rætt var um þessa stigagjöf og hún uppfærð og loks staðfest.

Umræður fóru fram um niðurstöður sjálfsmatsins og var í sameiningu fyllt inn í viðeigandi reiti formsins um m.a. helstu styrkleika og veikleika stjórnar í heild, og þætti sem mega betur fara.

Stjórnarmenn sammæltust um að ekki væri þörf á frekari umræðum um sjálfsmatið að svo stöddu.

Til máls tóku allir stjórnarmenn auk AME

Stjórnarmenn óska eftir kynningu á þeim þáttum matsins sem sjálfsmatið gefur til kynna að mest þörf sé á.

Árangursmatið borið upp og samþykkt samhljóða.

b) Endurskoðun á reglum um störf stjórnar - til afgreiðslu

Reglur um störf stjórnar frá nóvember 2023 endurskoðaðar og yfirfarnar. Ekki eru lagðar til breytingar á þeim.

Til máls tóku KB og ÓH

Reglur um störf stjórnar bornar upp og samþykktar samhljóða.

HP, SEÞ, PG, SÁ og EHP komu inn á fundinn.

2. ICAAP skýrsla 2024 - til afgreiðslu

Fyrir fundinum liggur ICAAP skýrsla ársins 2024 sem EHP kynnti.

Til máls tóku ÓH, KB og GHM

Formaður bar upp ICAAP skýrslu ársins 2024 til samþykktar og var hún samþykkt samhljóða.

EHP vék af fundi.

3. Lánamál

a. Fundargerðir lánanefndar - til kynningar

Fyrir fundinum liggja fundargerðir lánanefndar nr. 7/25-11/25 sem HP reifaði.

Enginn tók til máls.

b. Lánamáli vísað til stjórnar - til afgreiðslu

...

c. Lánaþyrirkomulag stofnunarinnar - til afgreiðslu

Fyrir fundinum liggur minnisblað um skuldamál bænda frá Haraldi Benedikssyni, stjórnamanni, auk tölvupósta um lánamál til umræðu frá Óla Halldórssyni, stjórnarformanni. Í framhaldi af umræðu á fundi stjórnar 20. febrúar sl. um lánamál var ákveðið að ræða lánaþyrirkomulag stofnunarinnar.

Til máls tóku HKH, ÓH, HB, KB, HÁ, HP, AME og GHM.

Stjórn felur starfsmönnum að leggja mat á leiðir til aukinnar samvinnu við RML og eftir atvikum fleiri hagaðila til nýtingar á þeim úrræðum og lánaflokkum sem stofnunin hefur innan núverandi lagaramma.

4. Lántökuheimild - til afgreiðslu

Fyrir fundinum liggur minnisblað forstöðumanns rekstrarsviðs um lántöku á árinu sem AME kynnti.

Lagt er til að stjórn heimili forstjóra að ganga frá og undirrita skuldbréf vegna lántöku hjá Endurlánum ríkissjóðs að fjárhæð allt að 5,0 milljarðar króna á árinu 2025 með lánstíma frá 15 til 20 ára sem geti verið í íslenskum krónum, evru og dollar eins og þörf er á.

Til máls tóku OÁ, HB, ÓH

Formaður bar upp ofangreinda tillögu til samþykktar og var hún samþykkt samhljóða.

5. Umsókn Kaldrananeshrepps í Brothættar byggðir - til afgreiðslu

Fyrir fundinum liggur minnisblað forstöðumanns þróunarsviðs um umsókn Kaldrananeshrepps inn í verkefnið Brothættar byggðir og auk umsóknar hreppsins sem SEÞ kynnti.

Kaldrananeshreppur er eina sveitarfélagið/byggðarlagið á Ströndum sem ekki hefur verið þátttakandi í Brothættum byggðum til þessa. Sveitarfélagið hefur lýst yfir eindregnum áhuga og sendi á árinu 2024 formlega beiðni um inntöku í Brothættar byggðir ásamt greinargóðri lýsingu á stöðu samfélagsins. Kaldrananeshreppur hefur á undanförunum árum verið meðal þeirra byggðarlaga sem skora hátt en hafa ekki verið tekin inn í Brothættar byggðir samkvæmt mælingum Byggðastofnunar á stöðu byggðarlaga. Á árinu 2024 var Kaldrananeshreppur með hæsta skorið af þeim byggðarlögum sem ekki eru búin að fá inngöngu.

Lagt er til að Kaldrananeshreppur verði tekinn inn í verkefnið Brothættar byggðir. Verkefnið standi fram til loka árs 2030 með þátttöku Byggðastofnunar, þ.e. rúm fimm ár. Samið verði við Kaldrananeshrepp um mögulega aðlögun verkefnisins þannig að vel fari saman Brothættar byggðir í Kaldrananeshreppi og verkefnið Strandaauður, ef til kemur.

Til máls tóku GHM, HB, ÓH og KB.

Formaður bar upp ofangreinda tillögu og var hún samþykkt samhljóða.

6. Styrkir úr Byggðarannsóknasjóði - til afgreiðslu

Fyrir fundinum liggur minnisblað forstöðumanns þróunarsvið um styrki til byggðarannsóknna 2025 og fundargerð 20. fundar stjórnar byggðarannsóknasjóðs frá 14. mars 2025 sem SEÞ kynnti.

Það var niðurstaða stjórnar Byggðarannsóknasjóðs að leggja til við stjórn Byggðastofnunar að veita styrki til eftirfarandi fimm verkefna, samtals 17.406.800 kr. sem skiptist á milli styrkþega samkvæmt eftirfarandi tillögu. Fjögur af þeim fimm verkefnum sem lagt er til að styrkja eru að fá samþykkt umbeðna styrkfjárhæð.

Heiti verkefnis	Umsækjandi	Styrkuppþæð
Strandveiðar og byggðakvótar: Verður auknum umsvifum í strandveiðum og byggðakvótum vart í auknum atvinnutekjum eða útsvarstekjum viðkomandi sveitarfélaga?	Háskólinn á Bifröst: Rannsóknasetur í byggða- og sveitarstjórnarmálum. Vífill Karlsson	kr. 3.300.000
Tvíeggjað sverð - leki óstaðbundinna starfa til höfuðborgarsvæðisins.	Rannsóknamiðstöð Háskólans á Akureyri. Hjalti Jóhannesson	kr. 3.960.000
Skipulag sjálfbærrar landbúnaðarframleiðslu á Íslandi.	Salvör Jónsdóttir, Háskóla Íslands	kr. 4.000.000
Samvinna og samræming áfangastaðastofa og sveitarfélaga um sjálfbæra ferðamálaþróun.	Anna Karlsdóttir, Háskóla Íslands og Íris Hrund Halldórsdóttir, Háskóla Íslands	kr. 3.736.800
Erlendar fjárfestingar í jörðum á Íslandi. Sýn á áhrif á þróun byggða og samheldni íbúa.	Anna Karlsdóttir, Háskóla Íslands og Magnfríður Júlíusdóttir, Háskóla Íslands	kr. 2.410.000

Lagt er til við stjórn Byggðastofnunar að ofangreind verkefni fái styrki úr Byggðarannsóknasjóði. Tilkynnt verði um um úthlutanir og afhendingu styrkja á ársfundi stofnunarinnar þann 8. maí 2025.

Til máls tók GHM.

Formaður bar upp ofangreinda tillögu og var hún samþykkt samhljóða.

7. Byggðavísitala - til kynningar

SÁ kom inn á fundinn undir þessum dagskrárlið.

Fyrir fundinum liggur minnisblað frá Sigurði Árnasyni sérfræðingi á þróunarsviði um Byggðavísitölu fyrir íslensk sveitarfélög sem hann kynnti.

Í stefnumótandi byggðaaætlun fyrir árin 2022-2036 kemur fram í aðgerð C.13, Opinberar upplýsingar á sviði byggðamála, að þróa eigi byggðavísitölu sveitarfélaga. Í aðgerðinni segir orðrétt: „Tölfræðilegir mælikvarðar sem byggjast á upplýsingum um landfræðilega legu, lýðfræðilega þætti og efnahagslegar og félagslegar aðstæður verði notaðir til að leggja mat á stöðu svæða. Þannig verði til nokkurs konar byggðavísitala sveitarfélaga sem gefin verði út reglulega og geti nýst sem árangursmælikvarði og við mat á sértækum byggðaaðgerðum.“

Til máls tóku KB, GHM og ÓH.

Stjórnarmenn lýstu ánægju með gögnin og þá vinnu sem að baki liggur. Stjórnarmenn voru sammála um að leita ætti leiða til þess að nýta þær upplýsingar og þau góðu gögn sem fram koma í byggðavísitölunni í frekari vinnu stofnunarinnar.

8. Val á Landstólpanum - til kynningar

Fyrir fundinum liggur minnisblað forstöðumanns þróunarsviðs sem SEÞ kynnti um val á handhafa Landstólpan 2025 og rökstuðningur fyrir valinu. Landstólpinn verður afhentur

í fjórtánda sinn á ársfundi Byggðastofnunar sem haldinn verður á Breiðdalsvík fimmtudaginn 8. maí nk.

Til máls tóku allir stjórnarmenn.

9. Framfylgd starfsáætlunar - til kynningar

Fyrir fundinum liggur yfirlit yfir framfylgd starfsáætlunar og staða rekstrar sem SEÞ kynnti.

Til máls tók KB, HKH og GHM.

MaH vék af fundi.

10. Starfsemi landshlutasamtakanna - til kynningar

Fyrir fundinum liggur úttekt á starfsemi samningsaðila innan rammisamnings um atvinnu- og byggðaðpróun sem SEÞ kynnti.

Til máls tóku KB og ÓH

11. Hlutaþræfasafn Byggðastofnunar - til kynningar

PG kynnti hlutaþræfaeign stofnunarinnar.

Byggðastofnun átti þann 01.01.2025 hlutaþræf í 24 fyrirtækjum (utan við 1 í slitaferli) og hefur sá fjöldi ekki verið minni síðan árið 1997. Flest voru félögin 85 í ársbyrjun 2006 en síðan þá hefur félögum fækkað mikið vegna sölu, sameininga, slita, gjaldþrota eða niðurfærslu hlutaþræfa í félögum.

Til máls tók KB og ÓH.

PG vék af fundi.

12. Önnur mál

Engin önnur mál rædd

13. Næsti fundur

Næsti fundur er 8. maí nk. á Breiðdalsvík.

Vegna tímaskorts verður fundargerð send til stjórnarmanna til yfirferðar með rafrænum hætti.

Fleira ekki gert og sleit formaður fundi kl. 12:29

Hjalti Árnason, fundarritari

Óli Halldórsson

Guðný Hildur Magnúsdóttir

Halldóra Kristín Hauksdóttir

Haraldur Benediktsson

Karl Björnsson

María Hjálmarsdóttir

Oddný Árnadóttir